

AUGLÝSING

um starfsreglur kirkjuþings um breyting á starfsreglum um sóknarnefndir nr. 732/1998.

„STARFSREGLUR
um breyting á starfsreglum um sóknarnefndir nr. 732/1998.

1. gr.

8. gr. orðist svo:

Sóknarnefnd sér til þess að bókhald sé fært í samræmi við lög og noti samræmt reikningsform við uppsetningu ársreiknings, sem kirkjuráð leggur til.

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 55. og 57. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, öðlast gildi 1. janúar 2003 og skulu gilda um ársreikninga sókna fyrir hvert það reikningsár sem þá hefst.

Gjört í Reykjavík, 1. nóvember 2001.

Jón Helgason
forseti kirkjuþings.

Gunnar Sveinsson
þingskrifari.“

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

Reykjavík, 1. nóvember 2001.

F.h. kirkjuráðs,

Karl Sigurbjörnsson biskup Íslands.